

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv. 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 660/2016. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 ber sveitarfélaginu að taka við þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur búnaðarstofu og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda með reglubundnum hætti og komið í viðeigandi meðhöndlun.

3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir á árinu 2021:
Grunngjald kr. 25.000 á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.

Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé	115 kr.
Nautgripir	373 kr.
Hross	370 kr.
Hænsn	2 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Gjaldskráin tekur þegar gildi og jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 41/2020.

Borgarnesi, 30. desember 2020.

Þórdís Sif Sigurðardóttir sveitarstjóri.